



Ársskýrsla stjórnar fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga 2021

Ársskýrsla stjórnar Fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga var lögð fram á aðalfundi Fagdeildarinnar sem var haldinn þann 30.11.2021
Fjöldi fagdeildarmeðlima: 122 þann 30.11.2021
Árgjald: 2000 krónur

Stjórn Fagdeildarinnar á árinu skipuðu eftirfarandi:

Formaður: Kristín Sigurðardóttir, Hjartadeild Landspítala

Varaformaður: Hildur Rut Albertsdóttir, Hjarta- og æðlaþræðingarstofu Landspítala

Gjaldkeri: Ása María Guðjónsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Ritari: Elna Albrechtsen, Hjartadeild Landspítala

Meðstjórnandi: Jóhanna Jóhannsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Endurskoðendur:

Bylgja Kærnested, Hjartadeild, Landspítala

Eva Hrönn Petersen, Hjartadeild Landspítala

Fræðslunefnd:

Formaður:

Erna Kristín Valdimarsdóttir, Hjartadeild

Tinna Bjarnadóttir, Hjartadeild Landspítala

Þórhildur Briem, Hjartaskurðeild Landspítala

Hildur Birna Helgadóttir, Hjartadeild LSH

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári:

Formaður: Kristín Sigurðardóttir, Hjartadeild Landspítala

Varaformaður: Ása María Guðjónsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Gjaldkeri: Sandra María Fillippusdóttir, Hjartadeild Landspítala

Ritari: Elna Albrechtsen, Hjartadeild Landspítala

Meðstjórnandi: Ragnheiður Halldórsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Endurskoðendur:

Bylgja Kærnested, Hjartadeild, Landspítala

Eva Hrönn Petersen, Hjartadeild Landspítala

Fræðslunefnd:

Formaður:

Inga Valborg Ólafsdóttir - Hjartagátt og hjartadeild

Hallveig Broddadóttir - Göngudeild hjartabilunar og hjartadeild

María V. Guðmundsdóttir - Hjartadeild og Göngudeild kransæða

Maria Sif Ingimarsdóttir - Hjartaskurðeild Landspítala

Kristný Pétursdóttir - Hjartaskurðeild Landspítala

Salome Jónsdóttir - Hjartaskurðeild Landspítala

Starfsemi á árinu

Markmið 2020-2021

- ✓ Virkja hjúkrunarfræðinga á hjartaskurðeild til þáttöku í fræðslunefnd
- ✓ Virkja hjúkrunarfræðinga á Hjartagátt til þáttöku í fræðslunefnd
- ✓ Styrkja tengsl hjartaeilda á Landspítala
- ✓ Hvetja fagdeildarmeðlimi utan af landi til þess að taka þátt í fagdeildarstörfum
- ✓ Auka fjarfundi
- ✓ Undirbúningur Nordic Baltic ráðstefnu árið 2022
- ✓ Undirbúa fræðslufundi, helst einn fyrir júl og annan eftir júl. Oftast slegið saman við aðalfund á fyrsta ársfjórðungi.
- ✓ Minnt á facebook, heimasíðu og workplace.
- ✓ Allar fagdeildir inná www.hjukrun.is
- ✓ Minna félagsmenn á styrktarsjóð inná hjukrun.is, umsóknarfrestur rennur út ca 1.okt

Óhætt er að segja að Covid og samkomutakmarkanir hafi sett strik í reikning starfsemi fagdeildarinnar árið 2021. Stjórn fagdeildarinnar ákvað að bíða með fræðslufundi og aðrar skipulagðar samkomur vegna þessa.

Starfsemi Fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga var annars með svipuðu sniði og árin á undan. Á starfsárinu voru haldnir fáir formlegir stjórnarfundir, flestir fundir óformlegir og með hluta af fræðslunefnd.

Styrkur FÍH var nýttur í fræðslufund fagdeildarinnar sem haldinn var samhliða aðalfundi.

Aðalfundur fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga 2021 var haldinn þann 30.nóvember í sal FÍH á Suðurlandsbraut 22. Vegna fjöldatakmarkana var fundinum einnig streymt. Það voru 4 fagdeildarmeðlimir sem sóttu fundinn og 26 sem fylgdust með á Teams.

Dagskrá fundar:

- ✓ Dr. Erna S. Arnardóttir, lektor við verkfræði- og tölvunarfræðideildir, forstöðumaður í Svefnsetrinu við Háskólann í Reykjavík
 - Svefn hjúkrunarfræðinga - áhrifaþættir og algengir sjúkdómar
 - Kæfisvefn, svefnleysi og fótapirringur
- ✓ Helga Margrét Skúladóttir - Sérfræðingur í hjartalækningum
 - Kæfisvefn og hjartað
- ✓ Aðalfundarstörf og kosning nýrrar stjórnar

Kosning fór fram á nýjum meðlimum í stjórn og nefndir. Kristín Sigurðardóttir var endurkjörin sem formaður. Elna Albrechtsen heldur áfram sem ritari. Úr stjórn fagdeildarinnar ganga nú Hildur Rut Albertsdóttir varaformaður og Jóhanna Jóhannsdóttir meðstjórnandi og verður þeirra sárt saknað. Þökkum við þeim samstarfið á liðnum árum sem hefur verið mjög ánægjulegt. Ása María Guðjónsdóttir færir sig frá stöðu gjaldkera og var kjörin varaformaður. Sandra María Filippusdóttir tekur við stöðu gjaldkera. Ragnheiður Halldórsdóttir var kjörin meðstjórnandi. Bjóðum við Söndru og Ragnheiði innilega velkomnar í stjórn fagdeildarinnar. Umtalsverð breyting varð á fræðslunefnd en þar eru meðlimir allir nýjir inn. Bjóðum þær allar velkomnar í fræðslunefnd. Ánægjulegt er að fá aukna þáttöku frá hjúkrunarfræðingum á hjartaskurðeildinni.

Á árinu 2021 sóttu engir meðlimir um styrki til fagdeildarinnar. Gæti það skýrst af því hve lítið framboð af námskeiðum og ráðstefnum hefur verið á Covid tímum. Hvetjum við fagdeildarmeðlimi til þess að sækja um styrki.

Námskeið um reykleysismeðferð.

Áhugasömum um reykleysismeðferð bauðst að mæta á námskeið um málefnið.

1. og 2. nóvember var boðið upp á kennslu á vegum hjúkrunarfræðideildar HÍ. Fagdeildir hjarta-, lungna-, og krabbameinshjúkrunar styrktu komu kennarans Jennifer Percival. Sú er breskur

hjúkrunarfræðingur og þekkt fyrir reynslu af því að kenna heilbrigðisstarfsmönnum að kenna fólki leiðir til reykleysis. Fagdeildin styrkti verkefnið og sótti styrk til Fíh í kjölfarið og bauð meðlimum að kostnaðarlausu. Nokkrir hjúkrunarfræðingar frá ýmsum starfsstöðvum nýttu sér þetta og var það ánægjulegt.

Beint framlag til samfélagsins

GoRed er átak gegn hjarta- og æðasjúkdómum kvenna víða um heim og síðastliðin ár hefur dagur verið tileinkaður þessu átaki hér á Íslandi. Þetta er samstarfsverkefni Hjartaheilla, Hjartaverndar og Heilaheilla og hefur Fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga einnig tekið þátt í skipulaginu. Árið 2021 var dagsins minnst á Hjartadeild með óformlegum hætti en að þessu sinni tók fagdeildin ekki þátt í verkefnum út á við.

Heimasíða og fréttabréf

Stjórnin sendi ekki frá sér fréttabréf á tímabilinu. Enda var starfsemi með minna móti þetta árið. Heimasíða fagdeildarinnar er sem fyrr vistuð á síðu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, einnig er fagdeildin með síðu á Facebook. Við höfum nýtt FB og Workplace til þess að minna á aðal- og fræðslufund og einnig til þess að hvetja hjúkrunarfræðinga sem starfa við hjúkrun hjartasjúklinga úti á landi til þess að taka þátt í starfi deildarinnar. Vonumst við til að efla og auka aðgengi þeirra að nýjungum í hjartahjúkrun og þátttöku í starfi deildarinnar.

Erlent samstarf

Stefnt var að því að halda Nordic-Baltic Congress of Cardiology 2.-4.júní 2022

<https://nbcc2022.is/>. Þetta er ráðstefna með þátttöku lækna og hjúkrunarfræðinga sem starfa við lækningu og hjúkrun hjartasjúklinga. Þessari ráðstefnu var frestað árið 2021 vegna Covid og í lok árs 2021 var ákveðið að fresta henni aftur árið 2022 þar sem uppsveifla var í Covid og ómögulegt að skipuleggja ráðstefnu. Of mikil óvissa ríkti varðandi það að fá fyrirlesara og bjóða þátttakendum að skrá sig. Nú er ákveðið að ráðstefnan verði haldin 8-10. júní 2023 og mun fagdeildin taka þátt í undirbúningi hennar og sérfræðingar í hjúkrun hjartasjúklinga undirbúa faglega hjúkrunar dagskrá með aðkomu aðila frá Norðurlöndum og Baltnesku löndunum.

Reykjavík, apríl 2022

Kristín Sigurðardóttir, formaður Fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga